

Verkefni STJÓRNARFUNDUR VJÞ	Efni fundar 110. stjórnarfundur haldinn 19. september 2017 Klapparstíg 25-27, Reykjavík	Síða 1 af 3
Dags. fundar 19.09.2017	Tími 10:00	Staður Reykjavík
Fundarboðandi	Fundarritari Ruth Magnúsdóttir	Nr. Fundar 110
Fundarmenn Ármann Höskuldsson, Guðrún Jónsdóttir, Björn Ingi Jónsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Snorri Ingimarsson, Ruth Magnúsdóttir, Óli Halldórsson, Vilhjálmur Árnason, Þórður H. Ólafsson framkvæmdastjóri.		Dags. ritunar 19.09.17
Boðuð forföll: Óli Halldórsson og Ruth Magnúsdóttir tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Af aðalmönnum boðuðu forföll: Sigmundur Einarsson		

Dagskrá:

1. Fundargerðir svæðisráða
 - a. Norðursvæði
 - b. Austursvæði
 - c. Suðursvæði
 - d. Vestursvæði
2. Innleiða One system funda og skjalakerfi
3. Staða reglugerðarmála
Gestur: Sigríður Svana Helgadóttir
4. Fjárhagsáætlun 2018
Gestur: Valbjörn Steingrímsson
5. Jökulsárlón og þjóðlendur
Gestur: Valbjörn Steingrímsson
6. Reglur stjórnar
Gestur: Marteinn Másson
7. Starfslýsing framkvæmdarstjóra
Gestur: Marteinn Másson
8. Yfirlit yfir starf sumarsins hjá þjóðgarðinum
Gestur: Guðmundur Ögmundsson
9. SOV-umfjöllun í svæðisráðum og hjá þjóðgarðsvörðum
Gestur: Kristján Sveinsson
10. Framkvæmd gjaldtöku vegna bílastæða við Skaftafell
Gestir: Helga Árnadóttir og Gunnar Valur Sveinsson
Gestur: Valbjörn
11. Vonarskarð
Gestur: Fanney Ásgeirsdóttir
12. Staða framkvæmda innan þjóðgarðsins
Gestur: Valbjörn
13. Önnur mál
þjóðgarðastofnun
Innra starf þjóðgarðsins

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir svæðisráða
Norðursvæði hefur ekki fundað frá síðasta fundi
Austursvæði hefur ekki fundað frá síðasta fundi
Suðursvæði.
Formaður svæðisráðs á suðursvæði fór yfir fundargerð 53. Frá 2.ágúst 2017.
Vestursvæði.
Formaður svæðisráðs á vestursvæðis fór yfir fundargerð frá 20.júní 2017 og greindi frá vettvangsferð svæðisráðs.
2. Innleiða One system funda og skjalakerfi
Formaður suðursvæðis fór yfir innleiðingu á One system funda og skjalakerfinu.
3. Staða reglugerðarmála
Gestur: Sigríður Svana Helgadóttir
Sigríður Svana Helgadóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu, fór yfir vinnu við breytingar á reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð sem eru í vinnslu í Umhverfisráðuneytinu. Fyrir fundinum liggja drög að breytingum á reglugerðinni og er stjórnarmönnum gefinn frestur til 1.október 2017 til þess að koma athugasemdum til formanns, sem mun taka saman athugasemdir og skila inn fyrir hönd stjórnar.
4. Fjárhagsáætlun 2018
Gestur: Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri
Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fóru yfir framlög til þjóðgarðsins í nýju frumvarpi til fjárlaga fyrir 2018. Niðurskurði til þjóðgarðsins sem var árið 2017 er viðhaldið í frumvarpinu. Framlag til framkvæmda í þjóðgarðinum á árinu 2018 er samkvæmt frumvarpinu 275,9 milljónir, þar af eru 150 milljónir eyrnamerktar gestastofu á Kirkjubæjarklaustri. Framlag til rekstur þjóðgarðsins á árinu 2018 er 355,8 milljónir. Stjórn bendir á aukið umfang og kostnað vegna nýrra svæða í þjóðgarðinum s.s. Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi, sem ekki er gert ráð fyrir í frumvarpi að Fjárlögum fyrir 2018. Nauðsynlegt er að greindur verði kostnaður við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir nýtt svæði, þarfagreiningu og fyrstu skref í varanlegri uppbyggingu á svæðinu. Framkvæmdastjóra og fjármálastjóra er falið að fara í þá vinnu og skila til stjórnar innan þriggja vikna.
Stjórn lýsir áhyggjum sínum þar sem aukaúthlutun vegna landvörslu upp að 60 milljónum á yfirstandandi ári er ekki í frumvarpi til fjárlaga fyrir 2018.
Stjórn felur framkvæmdastjóra og fjármálastjóra að senda áætlaðan rekstrarramma hvers svæðis til viðkomandi þjóðgarðsvarðar, með samanburði við yfirstandandi ár. Ramminn verði tekinn fyrir í svæðisráðum fyrir 1.október.
5. Jökulsárlón og þjóðlendur
Gestur: Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri
Lögð er fram greinargerð frá Glámu Kím dags. 17.07.2017 varðandi hugmyndir að breytingu á gildandi deiliskipulagi svæðisins frá 2013.
Stjórn felur svæðisráði á suðursvæði og framkvæmdastjóra að halda áfram vinnu við breytingu á gildandi deiliskipulagi í samráði við Glámu Kím. Framkvæmdasýslu ríkisins verið falið að undirbúa útboð á framkvæmdum við Jökulsárlón svo útboðsgögn verði tilbúin þegar ný deiliskipulagstillaga tekur gildi.
Formaður svæðisráðs á suðursvæði lagði fram drög að verk- og kostnaðaráætlun vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand. Drögin gera ráð fyrir kostnaði upp á rúmlega 11 milljónir.
Stjórn fellst á framlagaða verk- og kostnaðaráætlun með því skilyrði að fjármagn fái til vinnunnar. Stjórn beinir því til svæðisráðs á suðursvæði að Alta ráðgjöf komi að vinnunni.
6. Reglur stjórnar
Gestur: Marteinn Másson, lögfræðingur
Marteinn fór yfir drög að reglum stjórnar, sem lagðar eru fram eftir að tekið hefur verið tillit til athugasemdir stjórnar.
Stjórn samþykkir einróma framlögð drög að reglum stjórnar og felur framkvæmdastjóra að senda þær í Umhverfis- og auðlindaráðuneytið til kynningar í Stjórnartíðindum.
7. Starfslýsing framkvæmdarstjóra
Gestur: Marteinn Másson, lögfræðingur

VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR – FUNDARGERÐ STJÓRNAR